

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Strandasýslu Skeiði 3, Hólmavík/Skeljavík



Dags eftirlits	5.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Strandasýslu	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Skeiði 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470786-1329	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Marinó Þorvaldsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Sverrir Guðbrandsson	Staðsetning	377099,262 581129,16

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tólf frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit hjá rekstraraðila. Einnig eru lagðar fram ábendingar.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu í Skeljavík sem staðsettur er í nágrenni við Hólmavík í samræmi við 57. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Urðunarstaðnum er heimilt að taka á móti allt að 500 tonnum af almennum úrgangi á ári til urðunar, úrvinnslu og geymslu þó með takmörkunum á uppruna úrgangs bundinn við Strandabyggð, Kaldrananeshrepp, Árneshrepp og dreifbýli Súðavíkurbrekk. Starfsleyfið var gefið út þann 10. júlí 2012 og er gildistími þess til 10. júlí 2028.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- 2) Farið yfir starfsleyfið
- 3) Eftirlitsmælingar og skráningar
- 4) Áætlanir og viðbrögð
- 5) Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- 6) Kynning á meðfylgjandi gögnum
- 7) Önnur mál
- 8) Skoðunarferð á urðunarstað

1. Engin opin eldri frávik voru til staðar fyrir eftirlit en síðast fór fram eftirlit árið 2022.
2. Farið var yfir kröfur starfsleyfis og ræddar voru þær breytingar sem orðið hafa á úrgangslöggjöfinni síðustu misseri.
3. Ársyfirliti var ekki skilað vegna ársins 2024 sem er frávik. Skil á skráningum eru ekki í samræmi við starfsleyfi sbr. gr. 5.1, en skila ber árlega öllum skráningum er varða innra eftirlit rekstraraðila. Ber að gera grein fyrir öllum úrgangi sem tekið hefur verið á móti, í geymslu/móttöku og þeim sem fer í urðun. Niðurstöðum vöktunarmælinga hefur verið skilað sbr. tl. 3, bæði vegna ársins 2024 og 2025. Ef skráningar eiga ekki við ber að gera núllskráningar eða taka fram að skráningar eiga ekki við á því ári sem um ræðir og vísa í hvar niðurstöður eru að finna ef þær koma ekki fram í skýrslunni.

Frávik er á mældum styrk blýs í mælingum ársins 2025 í grunnvatnsbrunni merktum „br 0“ sem er viðmiðunarbrunnur urðunarstaðar fyrir grunnvatn og ætti að vera staðsettur utan áhrifasvæðis urðunarstaðar. Þar mælist styrkurinn 8,52 µg/l og er yfir viðsnúningsgildi sem á við um efnafræðilegt ástand grunnvatns sbr. III viðauka í rg. nr. 535/2011, B-hluta undir 2.3.4 um viðmiðunargildi fyrir mengunarvalda í grunnvatni og mengunarvísa en það gildi er 7,5 µg/l (viðmiðunargildið er 10 µg/l). Í brunnum fyrir neðan þynnist styrkur blýs út en er þó til staðar.

Í mælingum ársins 2024 mældist styrkur blýs í sama brunni yfir mörkum, þ.e. í „br0“ =19,3 µg/l sem er nánast tvöfalt viðmiðunargildið. Árið 2023, í sama brunni mældist styrkur þess 116 µg/l. Ljóst er að umtalsverð blýmengun hefur verið og er til staðar í grunnvatni við urðunarstaðinn, en áhrifin eru á þessu stigi staðbundin við urðunarstaðinn. Er það mat stofnunarinnar að rekstraraðili verði að koma fyrir mælibrunni fyrir grunnvatnvöktun sem endurspeglar náttúrulegt ástand grunnvatns og mikilvægt að hann sé staðsettur utan framkvæmdasvæðis urðunarstaðar og utan móttökusvæðis.

Í yfirborðsvatni úr vöktunarmælingum úr Húsadalsá í mælingum ársins 2023 kemur fram frávik, en styrkur málmanna króms og nikkels fellur á milli flokka. Ef niðurstöðurnar eru bornar saman við umhverfismörk fyrir málma í

yfirborðsvatni til verndar lífríki sbr. rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, þá lendir mælt gildi á nikkel í flokk III í mælingum fyrir neðan urðunarstað, sbr. að vera í flokki I fyrir ofan. Mælt gildi króms lendir í flokki IV fyrir neðan urðunarstaðinn og fer frá því að vera í flokki II fyrir ofan. Er það á sama tíma og blýmengun mælist hæst í grunnvatni. Áhrifin eru hins vegar gengin til baka í mælingum árána 2024 og 2025.

4. Eftir eftirlit sendi rekstraraðili afrit af gildandi ábyrgðartryggingu sbr. 16 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Neyðaráætlun sbr. gr. 1.7 lá ekki fyrir við eftirlit og hefur ekki borist stofnuninni sem er frávik.

5. Í eftirliti var farið yfir áhættumat rekstraraðila. Samkvæmt 57. gr. rg. nr. 550/2018 ræðst tíðni eftirlits af niðurstöðu áhættumats. Breyting hefur orðið frá fyrri stöðu rekstraraðila og er tíðni eftirlits nú a.m.k. árleg. Taka skal fram að tíðni eftirlits er endurskoðuð eftir þörfum, m.a. þegar nýjar upplýsingar liggja fyrir eða forsendur breytast.

6. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlits hjá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdu fundarboði eftirlits. Fjallað var um breytingar á fyrirkomulagi skila á umhverfisupplýsingum en fyrr á árinu var sent erindi þess efnis á alla starfsleyfishafa hjá Umhverfis- og orkustofnun. Varðar breytingin rg. nr. 990/2008 um útstreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2025. Rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I og viðauka II í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu skila árlega umhverfisupplýsingum rafrænt til Umhverfis- og orkustofnunar. Hægt er að skila ársyfirliti og umhverfisupplýsingum saman eða í sitthvoru lagi, en skilafrestur er sá sami fyrir hvort tveggja.

7. Fjallað var um verkefni Umhverfis- og orkustofnunar varðandi mengaðan jarðveg og kortlagningu staða þar sem efni og/eða úrgangi hefur verið komið fyrir á eða í jörðu og rekstraraðila bent á að gott sé að kynna sér gagnagrunn um mengaðan jarðveg og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar varðandi skráningar úrgangsstaða. Önnur mál voru tekin til umræðu, m.a. staða úrgangsmála í sveitarfélaginu og þörf á breytingum í úrgangsmálum sem enn eru á hugmyndastigi hjá rekstraraðila. Rekstraraðila var bent á að gildistími starfsleyfisins er til 10. júlí 2028 og mikilvægt að huga að því og undirbúa að sækja um breytingu á starfsleyfi tímanlega en stofnunin hefur sett sér viðmið um 240 daga afgreiðslufrest á starfsleyfum fyrir mengandi starfsemi.

8. Farið var í skoðunarferð inn á rekstrarsvæðið og nokkur frávik sett fram eftir vettvangsskoðun.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 1.2 í starfsleyfi og viðauka I í rg. nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.	Óheimilt er að geyma og meðhöndla úr sér gengin ökutæki á urðunarstað. Öll úrvinnsla ökutækja er starfsleyfisskyld starfsemi sbr. IV. viðauka laga 7/1998. Ýmsir íhlutir ökutækja geta auk þess innihaldið spilliefni sbr. úrgangskóðun í kafla 16 í viðauka 1 í rg. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
gr. 1.7 í starfsleyfi:	Neyðaráætlun vegna meðhöndlunar úrgangs á þjónustusvæði urðunarstaðar ef kæmi til óvæntrar stöðvunar lág ekki fyrir við eftirlit.
gr. 2.1 í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Athafnasvæði rekstraraðila var óskipulagt og umgengni ekki viðunnandi. Allan úrgang ber að meðhöndla á viðeigandi hátt og felst m.a. í að til staðar séu sorpílát, lekavarnir og mengunarvarnir þannig að gætt sé að því að jarðvegi verði ekki spillt og skipulögðu verklagi sé haldið við urðun úrgangs.
gr. 2.4 í starfsleyfi:	Viðbragðsáætlun lá ekki fyrir við eftirlit. Mikilvægt er að sjá til þess að hún sé uppfærð og endurskoðuð með reglubundnum hætti.

- gr. 3.1 í starfsleyfi: Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna á urðunarstað, verklag við frágang urðunar sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi sem og geymslu úrgangs inn á urðunarstað veldur því að úrgangur hefur fokið á víð og dreif um urðunarstað og umhverfis hann m.a. bambar, gler málmar, netadræsur og ýmiss annar úrgangur.
- gr. 4.1 í starfsleyfi: Rekstraraðila ber að halda skrá yfir magn og tegund úrgangs sem komið er fyrir á staðnum í urðun annars vegar og móttæknum hins vegar og gera grein fyrir þeim í skráningum í ársyfirliti út frá kröfum starfsleyfis sbr. gr. 5.4.
- gr. 4.2 í starfsleyfi: Rekstraraðila er óheimilt að taka á móti spilliefnum. Spilliefni skal flytja til söfnunar- og móttökustöðva sem hafa fengið til þess starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni. Á urðunarstað voru til staðar, móttekin spilliefni, olíutankar, olíutunnur og annar smærri spilliefnaúrgangur og liggur án varna á jarðvegsyfirborði.
- gr. 4.3 í starfsleyfi: Úrgangur skal lagður í urðunarrein sem útbúin er fyrir móttöku hans og skal úrgangurinn birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, aðgangi meindýra og hættu. Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og stærð vinnsluflatar haldið í lágmarki. Urðaður úrgangur er ruddur fram á staðnum til að hylja yfir hann og dreifist því úrgangurinn yfir all mikið svæði og blasir víða við óhulinn.
- gr. 5.1 í starfsleyfi: Frávik er varðar ófullnægjandi skil á skráningum. Rekstraraðili gerir ekki grein fyrir magni móttækis úrgangs inn á urðunarstað, eingöngu því sem fer í urðun (og fyllingu). sbr. tl. 1. Ekki er gerð grein fyrir tl. 2 og tl. 4.
- 5.3 í starfsleyfi og 8. gr. rg. nr 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Styrkur blýs í mælingum ársins 2023, 2024 og 2025 fer yfir viðsnúningsgildi og í einhverjum tilfellum yfir viðmiðunargildi í grunnvatnsbrunni br0 (vísast til ítarlegri umfjöllunar í megintexta skýrslunnar).
- 5.3 í starfsleyfi og 8. gr. rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns Í mælingum á yfirborðsvatni í Húsadalsá árið 2023 fer mældur styrkur á nikkel í flokk III í mælingum fyrir neðan urðunarstað, sbr. að vera í flokki I fyrir ofan. Mælt gildi króms lendir í flokki IV fyrir neðan urðunarstaðinn og fer frá því að vera í flokki II fyrir ofan.
- gr. 5.4 í starfsleyfi: Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003.

ÁBENDINGAR

Fjallað var um leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um endurnýtingu úrgangs í fyllingar. Bent er á að fylling telst endurnýtingaraðgerð samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Urðunarstaðir eru förgunarstaðir sem

taka á móti úrgangi til endanlegrar förgunar og ber að skrá móttöku úrgangs sem áætlað er að farga sem urðun.

Fyllingar óvirks, ómengaðs úrgangs eða jarðefna geta átt við við tæknilegan frágang urðunarstaða, enda uppfylli urðunarstaður tilteknar forsendur og skilyrði. Slíkar fyllingar skulu vera takmarkaðar að magni og markmiði og heimild til þeirra þarf að liggja fyrir í starfsleyfi og vera í samræmi við skipulag svæðis, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Jafnframt er bent á að timbur telst ekki óvirkur úrgangur og skal forgangsraða endurnýtingu timburs fram yfir urðun, sé þess kostur, í samræmi við forgangsroðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 10. gr. laga nr. 55/2003.

ANNANÐ

Rekstraraðili þarf að sækja um breytingu í starfsleyfi og bæta við vöktunarbrunni (viðmiðunarbrunni) til að vakta grunnvatn utan athafnasvæðis rekstraraðila sbr. rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Einnig þarf að uppfæra vöktun í kafla 5.2 er fjallar um eftirlitsmælingar og bæta við mældum efnispáttum í samræmi við lög og reglugerðir. Sótt er um breytingar í þjónustugátt Umhverfis-og orkustofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir